



Minnisblað

Varðandi: Danskur farkennari á Akranesi vorönn 2020
Málsnr. 1910050
Dags.: 09.10.2019

Árið 1996 var komið á samstarfi milli menntamalaráðuneyta Íslands og Danmerkur um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi.

Farkennarar í dönsku hafa verið tveir. Annar sinnir höfuðborgarsvæðinu og hinn landsbyggðinni.

Nú býðst grunnskólum Akraneskaupstaðar að fá danskan farkennara á vorönninni 2020. Farkennari leggur áherslu á munnlegan þátt í vinnu kennaranna með nemendum og miðlun danskrar menningar.

Til stóð að farkennarinn færi í Borgarbyggð en nýlega kom upp sú staða að það gengur ekki og því býðst grunnskólunum á Akranesi að njóta krafta hans á vorönninni.

Eins og fram kemur í minnisblaðinu, hér á eftir þá fellur mestur hluti kostnaðarins á aðra aðila en sveitarfélagið en það er hlutverk móttökusveitarfélags að taka þátt í húsnæðiskostnaði sem er umfram 100 þús. kr á mánuði.

Ef leyfi fæst til að stofna til útgjalda sem gæti numið um 400 til 600 þús. kr. fyrir tímabilið verður farið í að leita að húsnæði.

Um störf farkennara segir eftirfarandi:

Markmiðið með verkefninu er að veita fræðslumiðstöðum og skólaskrifstofunum tækifæri til að efla dönskukennslu í grunnskólum á sínu svæði – sérstaklega hvað varðar að bæta kennslu í munnlegri tjáningu. Tilhögun er sú að tveir dönskukennarar frá Danmörku munu hvor um sig starfa á svæði einnar skólaskrifstofu eða fræðslumiðstöð á skólaárinu 2019 - 2020. Í ár hefur verið ákveðið að senda einn farkennara til að starfa á haustönn 2019 á Snæfellsnesi og á vorönn 2020 í Borgarbyggð eða til Akraness. Annan farkennara kemur til starfa allt skólaárið á höfuðborgarsvæðinu.

Gert er ráð fyrir að verkefnið leiði eftirfarandi af sér:

Starf farkennara örvar dönskukennsluna, m.a. með því að hann í samstarfi við dönskukennara skólanna sýnir og leiðbeinir um kennsluþætti. - Farkennari fitjar upp á nýjungum í samstarfi við kennara á staðnum og aðstoðar þá sem þess óska við að hefja þróunarstarf. - Kennarar í umdæminu fá aukna möguleika á að tjá sig á dönsku og fræðast um líf og starf í Danmörku. - Farkennararnir munu einnig á tímabilinu í samstarfi við lektorinn við Menntavísindasvið HÍ skipuleggja námskeið fyrir dönskukennara á svæðinu og fyrir dönskukennara um allt land.

Fjármál

Danska ríkið greiðir laun dönsku farkennaranna ásamt ferðir til og frá Íslands. Sveitafélagið (skólaskrifstofan/skóladeildin) sem tekur á móti farkennara leggur til húsnæði, greiðir kostnað og ferðir kennarans um umdæmið, m.a. tímabundna gistingu vegna starfa gestakennara í umdæminu fjarri aðseturs síns, þegar þörf krefur og kostnað við tengingu síma og veraldarvefsins. Ef um er að ræða samstarf milli fleira sveitarfélög gerir þau samning milli



Akraneskaupstaður

sín varðandi kostnaði vegna farkennarans. Íslenska mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir sveitafélagið með ISKR 100.000,- á mánuði til að niðurgreiða kostnaði sem tengist móttöku farkennarans.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands greiðir útgjöld vegna samstarfsfundna farkennara og undirbúningsnámskeiðs sem efnt verður til fyrir farkennara í upphafi dvölinna.

Við val á húsnæði fyrir farkennara er gert ráð fyrir að sveitafélagið og skólaskrifstofan finni og leggi til 2ja herbergja íbúð (eða stúdóííbúð) með húsgögnum, síma og nauðsynlegum heimilisbúnaði, þar sem farkennari hefur fast aðsetur. Farkennarinn greiðir sjálfur afnotagjöld af síma og sjónvarpi. Dagleg framkvæmd og skipulagning á starfi farkennara verður í höndum skólaskrifstofu, er tilnefnir starfsmann á skrifstofunni sem fastan tengil við farkennarann.

Til að tryggja best faglegan afrakstur af starfi farkennara er gott að hafa eftirfarandi í huga:

1. Farkennarinn starfi í hverjum skóla í fimm til átta vikur í senn.
2. Skólinn skilgreini tímanlega hvaða kennarar munu taka á móti og starfa með farkennarann.
3. Við val á kennurum skuli þau sjónarmið höfð í huga að reynsla farkennara nýtist þegar til lengri tíma er litið.

Virðingarfyllst,

Valgerður Janusdóttir

sviðsstjóri